

09. júní 2016



UMHVERFISSTOFNUN

Elkem Ísland ehf  
Grundartanga  
301 Akranes

Reykjavík 8. júní 2016  
UST201508-127/E.D.K.  
08.07.02

### Gögn móttekin - eftirfylgnimáli lokið


Umhverfisstofnun vísar í bréf, dags. 26. apríl sl. þar sem úrbótaáætlun var samþykkt vegna þriggja frávíka og frestir veittir. Nú hafa fullnægjandi upplýsingar of úrbætur borist vegna tveggja frávíka og Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir að fullnægjandi úrbætur vegna þriðja frávíksins, þ.e. frávíks frá gr. 4.9 í starfsleyfi náist 1. mars 2017 með útgáfu ársskýrslu sem uppfyllir öll þau atriði sem Umhverfisstofnun hefur óskað eftir sbr. áður nefnt bréf frá 26. apríl sl.

### Staða frávíkanna er nú eftirfarandi:

- Mánaðarlega er rykmagn metið útfrá framleiðslu þess mánaðar. Ekki eru gerðar mælingar eða útreikningar mánaðarlega til að ganga úr skugga um að mánaðarmeðaltöl fari ekki yfir starfsleyfismörk. Frávik frá gr. 2.5 í starfsleyfi.**  
Umhverfisstofnun veitti rekstraraðila frest til 18. maí nk. til að skila inn uppfærðri mæliáætlun og greinargerð og hefur hún nú borist. Stofnunin lítur svo á að bætt hafi verið úr frávikinu.
- Ársskýrslu eða yfirliti yfir greinar 1.4-1.6, 3.1, 3.2, 3.4, 4.1, 4.3-4.5, 5.1 og 5.2 í starfsleyfi var ekki skilað fyrir samráðsfund. Frávik frá gr. 4.9 í starfsleyfi.**  
Frestur var veittur til 1. mars 2017 sbr. bréf dags. 26. apríl sl.
- Útblástursmælingar. Ekki hafa verið gerðar útblástursmælingar í afsogsbúnaði frá aftöppun á ofni 3 (Samúel) og ekki er vitað hvort hann virki sem skyldi. Frávik frá gr. 1.3 og 2.4 í starfsleyfi.**  
Umhverfisstofnun veitti rekstraraðila frest til 1. júní 2016 til að klára mælingar og koma með tímasetta tillögu að framkvæmd útbóta. Mæliniðurstöður hafa nú borist Umhverfisstofnun sem lítur nú svo á að bætt hafi verið úr frávikinu.

Umhverfisstofnun lítur svo á að eftirfylgnimáli sem hófst með bréfi dagsettu 27. ágúst 2015 sé nú lokið. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnibréf dagsett 27. ágúst 2015, 25. september 2015 og 8. mars 2016 hefur þegar verið innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015. Nú kemur til innheimtu gjald vegna bréfs dags. 26. apríl 2016 skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 178/2016 og er 26.400 kr.

Virðingarfyllt

  
Sigrún Agústsdóttir  
sviðsstjóri

*Eva Kristjans*  
Eva Dögg Kristjánsdóttir  
sérfræðingur